

Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Múlaþings

1. gr.

Markmið.

Stjórnskipulag Múlaþings byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við *samþykkt um stjórn Múlaþings* og viðauka um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins.

2. gr.

Um verkefni ungmennaráðs.

Ungmennaráð er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu í umboði sveitarstjórnar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við *samþykkt um stjórn Múlaþings*.

3. gr.

Nefndir og ráð sveitarfélagsins senda ungmennaráði, til umsagnar, öll málefni sem snerta ungt fólk og börn sérstaklega. Ungmennaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um hvert það mál sem ráðið telur tengjast hagsmunum og aðstæðum ungs fólks. Ráðið fylgist með því, eins og við á, að stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmunum ungs fólks að leiðarljósi. Með þessum hætti er leitast við að efla umfjöllun sveitarfélagsins um málefni er tengjast ungu fólki.

4. gr.

Helsta markmið og hlutverk ungmennaráðs er:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að gæta hagsmuna ungs fólks t.d. með umfjöllun og umsögnum um einstök mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
- að undirbúa árlegt þing ungs fólks í samstarfi við viðeigandi stofnanir og deildastjóra,
- að fulltrúar ráðsins þjálfist í lýðræðislegum vinnubrögðum og læri á stjórnkerfi sveitarfélagsins,
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í rekstri félagsmiðstöðva sveitarfélagsins,
- að efla tengsl nemenda framhaldsskóla sveitarfélagsins og Múlaþings með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda framhaldsskólanna um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- að efla tengsl nemenda grunnskóla sveitarfélagsins og Múlaþings með því að standa fyrir umræðu innan vettvangs nemenda hvers grunnskóla um þau mál er til hagsbóta geta verið fyrir ungt fólk,
- gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun um málefni ungs fólks

5. gr.

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitarstjórn og ráð sveitarfélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

6. gr.

Ungmennaráð hefur yfir að ráða sérstakri fjárveitingu sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert, sem það getur varið til þinghalds, útgáfu, fræðslu eða annars sem henta þykir.

7. gr.

Ungmennaráð starfar í samræmi við jafnréttisstefnu Múlaþings, aðrar samþykktir sveitarstjórnar sem á hverjum tíma tengjast starfsemi ráðsins.

8. gr.

Um skipan ungmennaráðs

Sveitarstjórn óskar eftir að eftirfarandi stofnanir tilnefni á tveggja ára fresti samtals 11 fulltrúa í ungmennaráð og 11 til vara. Tilnefningin eigi sér stað fyrir 5. september ár hvert. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í Múlaþingi og eru á aldrinum 13-20 ára.

- a. Einn fulltrúi af elsta stigi Grunnskóli Borgarfjarðar eystra og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.
- b. Einn fulltrúi úr 9. bekk Brúarásskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.
- c. Einn fulltrúi úr 9. bekk Djúpavogsskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.
- d. Tveir fulltrúar úr 9. bekk Egilsstaðaskóla og tveir til vara. Fulltrúar nemenda skólans verði valdir með almennri kosningu nemenda.
- e. Einn fulltrúi úr 9. bekk Fellaskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.
- f. Einn fulltrúi úr 9. bekk Seyðisfjarðarskóla og einn til vara. Fulltrúi nemenda skólans verði valinn með almennri kosningu nemenda.
- g. Einn fulltrúi sem skipaður er af UÍA og einn til vara.
- h. Tveir fulltrúar úr Menntaskólanum á Egilsstöðum og tveir til vara. Fulltrúar nemenda skólans verði valdir með almennri kosningu nemenda.
- i. Einn fulltrúi sem skipaður af Vegahúsinu og einn til vara.

Starfstími ungmennaráðs er tvö ár, frá 10. september til 10. júní þar næsta ár eftir skipun ráðsins.

9. gr.

Á fyrsta fundi ráðsins kýs ráðið sér formann og varaformann.

Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum, sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Formaður ungmennaráðs hverju sinni er í forsvari fyrir ungmennaráð um tillögur og áherslur þess eftir því sem við á.

10. gr.

Ungmennaráð heldur einn fund í mánuði, allt að níu fundi á ári. Sveitarstjórn Múlaþings og ungmennaráð skulu halda einn til tvo sameiginlega fundi ár hvert. Dagskrá fundarins skal undirbúin af ungmennaráði í samráði við starfsmann sinn og sveitarstjóra.

Ráðsfulltrúum er skylt að sækja alla fundi ungmennaráðs nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé fulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og starfsmanns og boða varamann sinn á fund.

11. gr.

Verkefnastjóri á fjölskyldusviði er starfsmaður ráðsins. Starfsmaður situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt og ber ábyrgð á rekstri og stjórnýslu ráðsins, þ.m.t. fjármálum og framkvæmd ákvarðana þess. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál. Jafnframt skal ungmennaráð óska eftir og leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins þegar það á við vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verkswiði þeirra.

12. gr.

Um yfirstjórn ungmennaráðs.

Byggðarráð úthlutar fjárhagsramma til ungmennaráðs í samræmi við samþykktan fjárhagsramma sveitarstjórnar fyrir hvert starfsár. Ráðið gerir starfsáætlun í samræmi við úthlutaðan fjárhagsramma fyrir næsta starfsár vegna verkefna ungmennaráðs. Starfsmaður leggur fram í ráðinu tillögu að fjárhagsáætlun ráðsins, í samstarfi við fjármálastjóra, sem ráðið skal meta og staðfesta að sé í samræmi við starfsáætlun og markaða stefnu.

13. gr.

Um málsmeðferð ungmennaráðs.

Málsmeðferð ráðsins skal vera í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga, skipulagslaga, stjórnýslulaga, samþykktar um stjórn Múlaþings, siðareglna Múlaþings og góða stjórnýsluvenju.

Um fundarsköp á fundum ráðsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Múlaþings og auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021.

Fundir ungmennaráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Heimilt að opna fund komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Fulltrúum í ungmennaráði er almennt heimilt að nota fjarfundarbúnað í samræmi við reglur um framkvæmd fjarfunda sveitarstjórnar, ráða og heimastjórna Múlaþings.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til kynningar. Mál sem þurfa afgreiðslu sveitarstjórnar skulu tekin fyrir sem sérstakur dagskrárliður á fundi sveitarstjórnar.

Fulltrúi í ungmennaráði skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum ráðsins. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

Þóknanir fyrir setu í ungmennaráði eru ákvarðaðar í samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa í Múlaþingi og fjárhagsáætlun hvers árs.

14. gr.

Gildistaka.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. *samþykktar um stjórn Múlaþings*.

Samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 10. maí 2023.